

Alþingi
Erindi nr. P 128/10S3
komudagur 18.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. febrúar 2003.

Efni: Frv. til l. um br. á tskl. nr. 75/1981 (130. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Þau rök eru færð fyrir þeirri hugmynd að félagsgjöld launþega til stéttarféлага verði frádráttarbær frá skatti, að misræmi sé milli stöðu atvinnurekenda og launþega í þessu tilliti og að ranglæti sé þannig haft í frammi gagnvart launþegum og verkalýðsfélögum. Verslunarráð telur ólíku saman að jafna, stöðu launþega og atvinnurekenda svo eðlisólík sem staða þeirra er. Atvinnurekendur geta vissulega dregið margvíslegan rekstrarkostnað frá tekjuskattstofni. Verslunarráð telur hins vegar ekki eðlilegt að vísa til stöðu atvinnurekenda í rökstuðningi fyrir skattfrelsi félagsgjalda launþega. Það er meginregla í íslenskum skattarétti að rekstrarkostnaður launþega sé ekki dreginn frá tekjuskattstofni. Verslunarráð telur hins vegar skatta á launþega of háa og brýnt að lækka þá. Þá telur Verslunarráð að draga megi úr ranglæti gagnvart launþegum með því að afnema hina eiginlegu skylduáðild þorra almennings að verkalýðsfélagi.

Verslunarráð mælir ekki með því að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.